

um launasjóð rithöfunda.

Flm.: Halldór Blöndal, Guðmundur G. Þórarinnsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Gunnar Már Kristófersson, Salome Þorkeldsdóttir, Árni Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Davíð Aðalsteinsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að skipuð verði hið fyrsta, að tilhlutan menntamálaráðuneytisins, nefnd til að athuga og endurskoða lög nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda, og reglugerð þeim lögum samkvæmt.

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þingflokka og skila álitum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

#### Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta þingi vegna mikillar óánægju og andmæla fjölmenns hóps íslenskra rithöfunda út af síðustu úthlutun starfslauna úr launasjóði rithöfunda í mars s.l. Fyrsti flutningsmaður var þá Sigurlaug Bjarnadóttir, er sat á þingi sem varamaður, og er tillagan nú flutt í samráði við hana. Í grg. sagði m. a.:

„Undanfarnar deilur um mál þetta skulu ekki raktar hér né dómur á þær lagður. Þær hafa nýlega verið til umræðu á Alþingi. Menntamálaráðherra núverandi gaf þar fyrirheit um, að reynt skyldi að kanna, hvort áskanir á hendur stjórn launasjóðsins um flokkpólitíska hlutdrægni og önnur ámælisverð vinnubrögð við úthlutun starfslauna ættu við rök að styðjast.

Í slíku máli er erfitt að leggja fram óyggjandi sannanir, en með tilliti til þess, sem á undan er gengið, virðist eðlilegt og nauðsynlegt að tekin verði til endurskoðunar lög þau og reglugerð, sem launasjóðurinn starfar eftir. Sú endurskoðun og hugsanlegar lagfæringar á starfsreglum sjóðsins mundu að dómi flutningsmanna geta komið í veg fyrir deilur af því tagi, sem nú eru uppi.

Tillaga þessi felur ekki í sér ákveðnar tillögur um breytingar hér að lútandi, það yrði hlutverk væntanlegrar þar til skipaðrar nefndar, þó skal á það bent, að vænlegra virðist að stjórn launasjóðsins, sem fer með úthlutun starfslaunanna, væri fjölmennari en nú er, t. d. fimm eða sjö menn í stað þriggja. Þannig væri tryggð meiri yfirsýn, fleiri sjónarmið kæmu fram og um leið væri dregið úr þeirri hættu, að óeðlilega mikið vald safnaðist á hendur eins eða tveggja manna í sjóðsstjórninni.

Þá bæri einnig að skoða þá hugmynd, hvort ekki væri farsælast, þegar öll kurl koma til grafar, að stjórn launasjóðsins yrði skipuð af Alþingi, en samkv. núverandi skipan er það stjórn Rithöfundasambands Íslands, sem tilnefnir alla stjórnarmenn, þrjá talsins. Til launasjóðsins var stofnað með lögum frá Alþingi og sjóðurinn nýtur árlega framlaga af almannafé. Í ár nemur sú upphæð á fjárlögum fyrir 1980 114 milljónum króna. Alþingi getur því ekki leitt hjá sér svo alvarlega misklið sem nú er upp komin um ráðstöfun þessara fjármuna.

Það er skoðun flutningsmanna, að sú tilhögun á úthlutun starfslaunanna, sem hér er bent á, væri líkleg til að skapa meira jafnvægi og frið um úthlutunina. Margir íslenskir rithöfundar munu þeirri skoðun hlynntir sem illskástu lausninni á þessu viðkvæma máli eins og það stendur nú.

Gera verður ráð fyrir, að þingflokkarnir mundu vanda svo sem kostur er til útnefningar á fulltrúum sínum í sjóðsstjórnina. Til þessa trúnaðarstarfs þurfa að veljast gagnmenntaðir og víðsýnir menn með haldgóða þekkingu á íslenskum bókmenntum og aðstæðum íslenskra rithöfunda í dag, — menn, sem treystandi er til fyllstu óhlutdrægni og trúmennsku í því vandasama hlutverki, sem úthlutun starfslaunanna er hverju sinni.

Það varðar miklu fyrir framtíð íslenskra rithöfunda og ritmenntar í landinu, að takast megi að lægja þær öldur óánægju og missættis, sem nú hafa risið um málefni launasjóðsins. Í þeim tilgangi er þessi tillaga fram borin.“